

**Nd.**

**212. Frumvarp**

til laga um siglingaráð.

Flutningsmaður Matth. Ólafsson.

1. gr.

Fulltrúanefnd sú, sem skipuð er samkvæmt lögum þessum, nefnist siglingaráð Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur siglingaráðsins er að vernda og efla siglingar landsins og alt, sem að þeim lýtur, samkvæmt því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Siglingaráðið er skipað 5 mönnum; skulu 3 þeirra vera skipstjórar, 1 með fullkominni þekkingu á skipasmíð og 1 vjelfræðingur.

Skipstjóraafjlagið »Aldan« tilnefnir 5 menn, er uppfylla áður nefnd skilyrði, og Fiskifjelag Íslands aðra 5, er einnig hafi sömu þekkingarskilyrði.

Af þessum 10 mönnum tilnefnir stjórnarráð Íslands 5 aðalmenn, en hinir 5 skulu vera til vara og taka sæti í ráðinu ef aðalmenn falla frá eða hindrast á annan hátt frá þátttöku í störfum ráðsins. Skal stjórnarráðið þegar í byrjun ákveða, hver varamanna komi í stað hvers aðalmanns. Tilnefning í siglingaráðið gildir til 6 ára. Á þriggja ára fresti ganga úr ráðinu 2 og 3 til skiftis, í fyrsta sinn 2 eftir hlutkesti. Sömu menn má endurkjósa. Þessar reglur gilda og um varamenn.

4. gr.

Verksvið siglingaráðsins skal vera:

- a. Að koma á góðu skipulagi á útbúnaði skipa og báta.
- b. Að herða á eftirliti með skoðun skipa og lita eftir, að sömu reglum sje fylgt alstaðar á landinu.
- c. Að hafa eftirlit með, að lög þau, sem snerta siglingar og útbúnað skipa, sjeu ekki brotin, og koma á föstu samræmi í prófun manna þeirra, er taka skipstjórapróf fyrir smáskip, og skulu þau hjer eftir að mestu leyti fara fram skriflega, en allar úrlausnir sendast siglingaráði Íslands, sem svo úrskurðar, hvort hinum prófaða skuli veitt skipstjórarjettindi eða ekki.
- d. Að rannsaka sjóferðavottorð þeirra manna, sem taka skipstjóra- eða stýrimannsskirteini á stærri skipum, og skulu slik skirteini gefin út af stjórnarráði Íslands, eftir tillögum siglingaráðsins, og undirrituð af báðum.
- e. Að hafa rjett til að taka, um lengri eða skemri tíma, skirteini af þeim mönnum, sem gera sig seka í að misbeita siglingalögunum eða á annan hátt nota rjettindi sín óvarlega.

f. Að taka á móti kærnum alstaðar af landinu, sem snerta þau mál, sem siglingaráðið hefir til meðferðar, rannsaka þær nákvæmlega og láta þá, sem að lögbrotum eru valdir, sæta ábyrgð fyrir gerðir sínar samkvæmt lögum, enda þótt engin slys hafi af hlotist.

Einkum skal siglingaráðið sjálft og umboðsmenn þess hafa vakandi eftirlit með því, að siglingalögum sje hlýtt.

g. Að svara fyrirspurnum, hvaðan sem þær koma, ef þær snerta þau mál, sem siglingaráðið varða, hvort sem þær koma frá fjelögum eða einstökum mönnum.

h. Að svara fyrirspurnum frá Alþingi og stjórnarvöldum og gera sjálfstæðar tillögur í öllum siglingamálum landsmanna.

#### 5. gr.

Öll mál, sem aðallega snerta siglingar, svo sem sjóvátryggingar, undanþágur frá lögum um atvinnu við siglingar og vjelgæslu í íslenskum skipum, lög og reglugerðir um skoðun skipa, útnefning skoðunarmanna, reglugerðir um hleðslu og hleðslumerki á skipum o. s. frv., skulu borin undir siglingaráðið, og skulu stjórnarvöldin jafnan fara eftir tillögum þess.

#### 6. gr.

Siglingaráðið skal öðru hvoru, helst ekki sjaldnar en einu sinni á ári, senda tvo menn í allar helstu veiðistöðvar landsins, og skulu þeir athuga vandlega allan útbúnað skipa og báta, þar sem þeir koma, svo og líta eftir, að hinir föstu skoðunarmenn á stöðunum sjeu samvisskusamir og ræki skyldu sína vel, en annars að sjá um, að þeim sje vikið frá.

#### 7. gr.

Siglingaráðið skal hlutast til um, að gefinn sje út leiðarvisir í hagsýnni sjómensku og vjelgæslu.

#### 8. gr.

Siglingaráðið skal hafa opna skrifstofu í Reykjavík að minsta kosti þrjár klukkustundir á dag, og skal ávalt að minsta kosti einn úr siglingaráðinu vera staddur þar á þeim tíma. Annars skal siglingaráðið hafa fasta fundi einu sinni í viku og aukafundi svo oft, sem þurfa þykir.

Kostnaður við skrifstofustörf og stjórn siglingaráðsins greiðist að öllu úr landssjóði.

#### 9. gr.

Öll stærri mál og fyrirspurnir skulu jafnan lögð fyrir siglingaráðið á fundi til umsagnar, en smærri fyrirspurnum, sem ekki orka tvímælis, getur sá meðlimur ráðsins, sem staddur er í skrifstofu þess, þegar fyrirspurnin er lögð fram, svarað á ábyrgð ráðsins. En þær fyrirspurnir, ásamt svörum, skulu færðar í sjerstaka bók, sem svo er lögð fram á fundum ráðsins til samþykkis.

#### 10. gr.

Siglingaráðið kýs sjer formann, og stjórnar hann fundum þess og boðar

meðlimi ráðsins til aukafunda, en fastir fundir skulu ákveðnir af ráðinu í sameiningu, og skulu þeir jafnan vera á sama vikudegi og sama tíma. Til þeirra funda þarf eigi að boða.

Siglingaráðið ræður sjer ritara, og bókar hann það, sem gerist á fundum, í bók, sem stjórnarráð Íslands löggildir. Ritari svarar fyrirspurnum, sem ráðinu hafa borist, eftir ákvörðun fundanna, og færir þau inn í bók, sem einnig er löggilt af stjórnarráði Íslands.

#### 11. gr.

Siglingaráðið tekur sjer til aðstoðar einn eða fleiri menn, sem hafa sjerþekkingu á einhverju því máli, er það hefir með höndum. Skulu þeir hafa tillögurjett og málfrelsi á fundum ráðsins, en eigi atkvæðisrjett.

#### 12. gr.

Fundir siglingaráðsins eru lögmætir ef þrír fulltrúar eru mættir. Þó má ekkert mál upp bera á fundi, sem snertir smíð skipa eða útbúnað, nema hlutaðeigandi sjerfræðingur sje mættur.

Sjeu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

#### 13. gr.

Úrskurðum siglingaráðsins má skjóta til stjórnarráðs Íslands, að undanskilinni 4. gr. staflíð d.

#### 14. gr.

Þau ákvæði í öðrum lögum, er koma í bág við þessi lög, eru hjer með úr lögum numíð.

### Greinargerð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að siglingamálefni vor Íslendinga eru í megnasta ólagi.

Sumpart vantar lög og reglur um, hvernig á að haga sjer í ýmsum tilfellum, og þeirra laga og reglna, sem þegar eru til, er svo slælega gætt, að með öllu má telja óviðunandi. Þannig eru til reglur um útbúnað skipa, en þær hafa hingað til komið að sárlitlu gagni, því að það er alkunna, að útbúnaður á vjelbátum landsins er svo bágborinn, að miklar líkur eru til, að meiri hluti þeirra slysa, sem orðið hafa hin síðari árin á vjelbátum vorum, eigi rót sína að rekja til þess, í hve ljelegu ástandi bátarnir eru.

Þá er það og eigi síður orðið áhyggjuefni öllum þeim, er um þessi mál hugsa, hve gálauslega farið er með mannslífín hjer á landi.

Það er nú orðin alltíð venja, að vjelbátar taki fólk til flutnings úr einum stað í annan á landinu, án þess að nokkurt eftirlit sje með því haft, hvort á slíkum bátum sjeu nokkur tæki til björgunar, ef slys ber að höndum, svo að eigi sje minst á hina sára ljelegu aðbúð, sem slíkt fólk á við að búa á þessum ferðum.

Að sjálfsögðu verður að taka tillit til þess, hve samgöngur eru erfíðar og

mannflutningapörfin brýn nú sem stendur, en þess heldur þarf að tryggja, svo sem auðið er, að af þessum flutningum hljótist sem allra minst tjón, en litil líkindi eru til, að á þessu ráðist bót, ef eigi er til í landinu einhver stofnun, er hefir rjett og skyldur til að sinna þessum málum eingöngu og hefir eitthvert vald til að taka í taumana, ef ógætilega er farið með líf manna og eignir.

Af þessum ástæðum er það, að skipstjórafélagið »Aldan« hefir tekið þetta mál til rækilegrar athugunar, og hefir niðurstaðan orðið sú, að félagið hefir samið frumvarp það, er hjer liggur fyrir, og fyrir tilmæli þessa félags er það flutt inn í þingið.

Fyrir einstökum greinum frumvarpsins mun gerð frekari grein við framsögu málsins.